

Framtalið berist	Kennitala
	Sveitarfélag lögheimilis

Nafn - pósthfang	Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum, sbr. lög nr. 84/1997, um búnaðargjald. Gjaldskyldir búvöruframleiðendur eru þeir sem stunda rekstur sem fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40. Undanþegnir eru þeir sem hvorki eru skráningarskyldir né á skrá yfir virðisauka-skattskylda aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
------------------	---

A Stofn til búnaðargjalds (án vsk.) Sjá skýringar á bakhlið

Velta í virðisaukaskattsskyldri starfsemi (skattskyld og undanþegin velta)	+	1
Velta í virðisaukaskattsskyldri atvinnugrein sem ekki er gjaldskyld til búnaðargjalds	÷	2
Andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna úr búnaðargjaldsskyldum rekstri	÷	3
Frádráttur vegna kostnaðar við vinnslu og sölu	÷	4
Frádráttur vegna kaupa á lífdýrum til áframeldis	÷	5
Stofn til búnaðargjalds	=	6

Reiti 24-40 þarf einungis að fylla út ef framleiðandi hefur starfsstöðvar á tveimur búnaðarsambandsvæðum.

B Sundurliðun gjaldstofnsins (án vsk.)

Búnaðarsamband (sjá skýringar á bakhlið)	7	Númer búnaðarsambands	24	Númer búnaðarsambands
Nautgripaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra og beingreiðslur)	+	8	25	
Sauðfjár- og geitaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra og beingreiðslur)	+	9	26	
Hrossaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	+	10	27	
Svínaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	+	11	28	
Alifuglaafurðir, þó ekki egg (þ.m.t. sala líffugla)	+	12	29	
Egg	+	13	30	
Kartöflur	+	14	31	
Gulrófur	+	15	32	
Annað grænmeti	+	16	33	
Blóm	+	17	34	
Garð- og skógarplöntur	+	18	35	
Grávara (þ.m.t. sala lífdýra)	+	19	36	
Æðardúnn	+	20	37	
Skógarafurðir	+	21	38	
Heysala og annað	+	22	39	
Samtals	=	23	40	

Stofn til búnaðargjalds (reitir 23+40) sbr. reit 6	=	41
---	---	----

C Mismunur álagningar og fyrirframgreiðslu

Reiknað búnaðargjald við álagningu 2016 (stofn * 0,012)	+	
Fyrirframgreitt búnaðargjald 2015	÷	
Skuld/inneign	=	

Undirritaður staðfestir að framtal þetta er gert eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Leiðbeiningar um útfyllingu framtalsins

ATH. Eyðublaði RSK 1.09 skal **ekki** skilað ef framteljandi skilar skattframtali sínu með rafrænum hætti. Í **rafrænum framtalsskilum** gera einstaklingar í búrekstri grein fyrir búnaðargjaldsstofni á eyðublaðinu **RSK 4.08** (landbúnaðarskýrsla), en lögaðilar í búrekstri nota eyðublaðið **RSK 4.07**, sem er fylgiskjal með rafrænu skattframtali þeirra.

A Stofn til búnaðargjalds (án vsk.)

Gjaldstofn búnaðargjalds er velta samkvæmt 11.-13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að frádregnu andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna sem hefur verið talið með í gjaldstofni til virðisaukaskatts og að frádregnum kostnaði vegna vinnslu og sölu á afurðum og kaupverði lífdýra til áframeldis (sjá nánari skýringar hér að neðan).

Reki búvöruframleiðandi ógjaldskylda starfsemi samhliða búnaðargjaldsskyldri starfsemi sinni ber honum að halda henni aðgreindri í bókhaldi sínu til þess að hún teljist ekki með í gjaldstofni til búnaðargjalds.

Frádráttur vegna seldra varanlegra rekstrarfjármuna

Við ákvörðun á stofni til búnaðargjalds er heimilt að draga frá veltu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna sem áður hefur verið talið með í gjaldstofni til virðisaukaskatts.

Dæmi: Sala á dráttarvél, sem notuð er við búnaðargjaldsskyldan búrekstur, telst til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Andvirði hinnar seldu dráttarvélar má þó draga frá veltu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi við ákvörðun á stofni til búnaðargjalds. Fjárhæð frádráttar skal setja í reit 3 á framtalinu.

Frádráttur vegna kostnaðar við vinnslu og sölu

Við ákvörðun á stofni til búnaðargjalds er heimilt að draga frá veltu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi kostnað vegna vinnslu og/eða sölu. Gildir það jafnt um vinnslu og/eða sölu sem fer fram heima á búinu eða sem annar aðili fer með í umboði framleiðanda. Fjárhæð frádráttar skal setja í reit 4 á framtalinu.

Ríkisskattstjóri setur matsreglur um hámarksfjárhæð frádráttar vegna vinnslu og/eða sölu afurða.

Matsreglurnar eru birtar með lögformlegum hætti og á vef ríkisskattstjóra (rsk.is) auk þess sem þær verða sendar bændum sérstaklega með orðsendingu.

Kaupverð lífdýra til áframeldis

Við ákvörðun á stofni til búnaðargjalds er heimilt að draga frá veltu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi kaupverð lífdýra til áframeldis til framleiðslu búfjárafurða. Fjárhæð frádráttar skal setja í reit 5 á framtalinu.

B Sundurliðun gjaldstofnsins (án vsk.)

Í reit 7 á framtalinu skal skrá númer þess búnaðarsambands sem búið tilheyrir (sjá númer og heiti búnaðarsambanda hér að neðan). Í reitum 8-22 skal sundurliða gjaldstofn búnaðargjalds eftir búgreinum. Reiti 24-40 þarf einungis að fylla út ef framleiðandi hefur starfsstöðvar á tveimur búnaðarsambands-svæðum. Sé um að ræða starfsstöðvar á fleiri en tveimur búnaðarsambands-svæðum skulu eyðublöð notuð eftir þörfum til sundurliðunar.

Búnaðarsamböndin eru þessi:

Númer	Heiti
01	Búnaðarsamband Kjalarnesþings
02	Búnaðarsamtök Vesturlands
03	Búnaðarsamband Vestfjarða
04	Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
05	Búnaðarsamband Skagfirðinga
06	Búnaðarsamband Eyjafjarðar
07	Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga
08	Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga
09	Búnaðarsamband Austurlands
10	Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu
11	Búnaðarsamband Suðurlands

C Mismunur álagningar og fyrirframgreiðslu

Hér skal reikna út mismun reiknaðs búnaðargjalds við álagningu 2016 og þeirrar fyrirframgreiðslu gjaldsins sem fram fór á árinu 2015.